

TILKYNNING TIL LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA VARÐANDI RÁÐSTÖFUN Á HLUTA AF LÁGMARKSIÐGJALDI SAMKVÆMT KJARASAMNINGI Í TILGREINDA SÉREIGN Í C-DEILD SJÓÐSINS.

Nafn sjóðfélaga:		Kennitala sjóðfélaga:
Heimilisfang:		Sveitarfélag og póstnúmer:
Farsími:	Heimasími:	Netfang:

GRUNDVÖLLUR TILKYNNINGARINNAR

- 1) Á grundvelli kjarasamnings sem gildir um starf mitt hjá vinnuveitanda er greitt vegna mín 15,5% iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna [14% frá 1. júlí 2017 til 1. júlí 2018 en 15,5% eftir það].
- 2) Af 15,5% iðgjaldi hef ég á grundvelli kjarasamnings heimild til að greiða allt að 3,5% iðgjald í tilgreinda séreign eins og hún er skilgreind í samþykktum lífeyrissjóðsins [2% frá 1. júlí 2017 til 1. júlí 2018 en 3,5% eftir það].
- 3) Tilkygning þessi er gerð á grundvelli laga nr. 129/1997, með síðari breytingum, kjarasamningi sem ég byggi réttindi mín á og samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.
- 4) Ráðstöfun iðgjalds samkvæmt tilkygningu þessari skal vera framkvæmd eigi síðar en tveimur mánuðum frá móttöku tilkygningarinnar.
- 5) Heimilt er að breyta efni tilkygningarinnar með nýrri tilkygningu. Slík ráðstöfun breytir ekki ráðstöfun þeirra iðgjalda sem þegar hefur verið ráðstafað með fyrri tilkygningu.
- 6) Um heimild sjóðfélaga til ráðstöfunar á iðgjaldi vegna tilgreindrar séreignar til annars lífeyrissjóðs eða annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar vísast til upplýsinga á vef lífeyrissjóðsins www.live.is eða öðrum sambærilegum vettvangi sem kann að taka við af vefsvæði lífeyrissjóðsins í framtíðinni.

ÁKVÖRÐUN

1) Ráðstöfun hluta af iðgjaldi í tilgreinda séreign (að hámarki 3,5%):

_____ % iðgjaldi skal ráðstafað í tilgreinda séreign og ávaxtað í C-deild sjóðsins. [Ef óskað er eftir því að hærra en 2% iðgjald renni til tilgreindrar séreignar verður það hlutfall 2% fram til 1. júlí 2018 en hækkar þá eftir það, í allt að 3,5%].

Til áréttingar: Ég geri mér grein fyrir því að með ákvörðun þessari hef ég áhrif á þau réttindi sem iðgjöld mín mynda hjá lífeyrissjóðnum. Iðgjöld í tilgreinda séreign eru séreign mín og falli ég frá fellur hún til erfingja minna og skiptist skv. reglum erfðalaga. Með ráðstöfun iðgjalds í tilgreinda séreign ávinnt ekki, hvað þau iðgjöld snertir, réttur til ævilangs lífeyris, örorkulífeyris, þ.m.t. framreiknings, né makalífeyris. Þannig er eðlismunur á þeim réttindum sem ég ávinn mér í

samtryggingu annars vegar og í tilgreindri séreign hins vegar samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins eins og þau eru á hverjum tíma.

2) Ávöxtun iðgjalds vegna tilgreindrar séreignar.

a) Val á Ævileið:

Velja skal eina fjárfestingarleið. Ef engin leið er valin ávaxtast inneignin samkvæmt Ævilínu.

- _____ **Ævileið 1** – Langtímaleið: Markmið safnsins er að skila góðri langtíma ávöxtun með skilvirkri eignadreifingu.
- _____ **Ævileið 2** – Varfærin leið: Markmið safnsins er að skila stöðugri ávöxtun með takmarkaðri áhættu.
- _____ **Ævileið 3** – Úttektaleið: Markmið safnsins er að varðveita áunna eign, en um leið skila jákvæðri raunávöxtun.
- _____ **Ævilína** – Sjálfvirkur flutningur: Færa iðgjald og inneign úr Ævileið 1 í Ævileið 2 við 55 ára aldur og úr Ævileið 2 í Ævileið 3 við úttekt.

Breyting á fjárfestingarleið: Heimilt er að breyta um **fjárfestingarleið** og færa áunna tilgreinda séreign á milli **fjárfestingarleiða**. Slíkt skal tilkynnt til sjóðsins á formi sem sjóðurinn útbýr.

Nánar um fjárfestingastefnu fjárfestingarleiða: Eign er ávöxtuð samkvæmt fjárfestingarstefnu eins og hún er á hverjum tíma. Stefnan er endurskoðuð að jafnaði einu sinni á ári. Gildandi fjárfestingarstefna er aðgengileg sjóðfélögum, m.a. á vef sjóðsins. Fjárfestingarleiðir og aldursviðmið eru ákvörðuð í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er heimilt að breyta þessum reglum án samþykkis sjóðfélaga enda sé það tilkynnt honum með hæfilegum fyrirvara í samræmi við kaflann **Fyrirvari varðandi breytingar** aftast í þessu skjali.

b) Beiðni um flutning iðgjalds vegna tilgreindrar séreignar til annars vörsluaðila.

Ath. Ef óskað er eftir flutningi iðgjalds til annars vörsluaðila er ekki hægt að velja um fjárfestingarleið hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna skv. a-lið (Ævileið)

_____ Ég óska eftir því að Lífeyrissjóður verzlunarmanna flytji iðgjaldshluta minn vegna tilgreindrar séreignar til eftirgreinds vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem ég hef gert samning við.

Nafn vörsluaðila: _____ Kennitala vörsluaðila: _____

ATH: Til þess að vörsluaðili geti tekið á móti iðgjaldi vegna tilgreindrar séreignar frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna þarf sjóðfélagi að gera samning um tilgreinda séreign við vörsluaðila. Flutningur fer fram eins fljótt og kostur er eftir að iðgjald berst lífeyrissjóðnum. Tafir geta orðið á flutningi iðgjalds m.a. vegna þátta sem varða samræmda og örugga framkvæmd á flutningi iðgjalda.

REGLUR UM ÚTGREIÐSLU ÚR C-DEILD (TILGREIND SÉREIGN)

- 1) **Útgreiðsla vegna aldurs:** Sjóðfélagi er heimilt að hefja úttekt úr C-deild frá 62 ára aldri og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri.

Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

- 2) **Útgreiðsla vegna örorku:** Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er metið 100% af trúnaðarlækni sjóðsins á hann rétt á að fá inneign sína í C-deild greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 3) **Útgreiðsla vegna andláts:** Við andlát rétthafa, sem á inneign á séreignarreikningi í C-deild, greiðist inneign hans til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

UPPLÝST SAMÞYKKI

Val um það hvort iðgjald skuli renna í tilgreinda séreign í C-deild í stað samtryggingardeildar er undir ákvörðun sjóðfélaga komið. Með tilkynningu þessari staðfestir sjóðfélagi að hann hafi kynnt sér þær reglur sem gilda um tryggingavernd í A-deild sjóðsins annars vegar og þær reglur sem gilda um tilgreinda séreign í C-deild hins vegar. Honum er líka kunnugt um að hann getur fengið nánari upplýsingar varðandi valið hjá starfsmönnum á skrifstofu sjóðsins og nýtt sér reiknivél á vef sjóðsins til að átta sig á eðli réttindanna hvað varðar ellilífeyri og framreiknings örorkulífeyris hjá sjóðnum.

Til upplýsingar eru hér dregin fram nokkur atriði sem lúta að muni á samtryggingarréttindum í A-deild annars vegar og í tilgreindri séreign C-deild hins vegar.

1) Réttindi í A-deild, samtryggingardeild:

Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér réttinda til elli- og örorkulífeyris og maka og börnum sínum rétt til maka- og barnalífeyris eftir því sem kveðið er á um í greinum 11 til og með 15 í samþykktum sjóðsins og réttindatöflum sjóðsins I til IV sem birtar eru í viðauka við samþykktirnar og eru hluti þeirra.

Aldursháð réttindaávinnsla og verðtrygging réttinda: Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af.

Jöfn réttindaávinnsla, sérregla: Sjóðfélögum sem áttu réttindi í sjóðnum í árslok 2005 er heimilt að greiða til sjóðsins iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins, sbr. 11. gr. Máli getur skipt fyrir sjóðfélagi sem eiga rétt til jafnrar réttindaávinnslu að tryggja að þeir nýti þá heimild að fullu. Upplýsingar um iðgjald til jafnrar réttindaávinnslu má nálgast hjá skrifstofu sjóðsins eða á sjóðfélagavef viðkomandi sjóðfélaga.

Ellilífeyrir í samtryggingardeild er greiddur til æviloka í samræmi við 12. gr. samþykka sjóðsins. Almennur lífeyrisaldur er 67 ár en unnt er að flýta eða seinka töku lífeyris í samræmi við ákvæði samþykka sjóðsins.

Örorkulífeyrir: Sjóðfélagi, sem ekki er orðinn 67 ára og verður fyrir orkutapi á, í samræmi við nánari ákvæði samþykkt sjóðsins, rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi fram að orkutapi, enda hafi hann greitt í lífeyrissjóð í samtals 24 mánuði og sannanlega orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Framreikningsréttur örorkulífeyris: Að tilteknum skilyrðum uppfylltum á sjóðfélagi rétt á framreikningi örorkulífeyrisréttinda auk áunninna réttinda í samræmi við nánari ákvæði samþykkt sjóðsins. Framreikningsréttur er til viðbótar við áunninn rétt miðað við þau réttindi sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til 65 ára aldurs hefði hann greitt áfram til sjóðsins. Framreikningur tekur mið af meðaltali réttindaávinnslu hans næstu þrjú almanaksár fyrir orkutapið.

Makalífeyrir: Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins í að minnsta kosti 24 mánuði á síðustu 36 mánuðum eða 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum eða sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum samþykkt sjóðsins. Meðal þess sem vert er að hafa í huga er:

- Upphæð makalífeyris nemur 60% af lífeyrisréttindum sjóðfélaga og nær það bæði til áunnins réttar og mögulegs framreikningsréttar sbr. nánari reglur í samþykktum sjóðsins.
- Óskertur makalífeyrir skv. nánari ákvæðum í samþykktum er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 36 mánuði, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið. Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn sem var á framfæri sjóðfélagens nær 23 ára aldri enda sé það á framfæri makans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, eða stofnar til staðfestrar samvistar.
- Sérreglur gilda fyrir maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir árið 1945, sbr. nánari ákvæði í samþykktum sjóðsins.

Barnalífeyrir: Andist sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða í 6 mánuði á undanförunum 12 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris eða öðlast rétt til framreiknings skv. samþykktum sjóðsins, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 20 ára aldurs samkvæmt nánari reglum í samþykktum sjóðsins. Fjárhæð barnalífeyris nemur tiltekinni krónutölu.

2) Lífeyrissparnaður í C-deild fyrir tilgreinda séreign:

- Lífeyrissparnaður í tilgreindri séreign er séreign viðkomandi sjóðfélaga. Reglur um útgreiðslu eru tilgreindar í samþykktum sjóðsins, og í kaflanum **Reglur um útgreiðslu úr C-deild** hér að framan. Meðal þess sem fram kemur þar er að eignin er laus til úttektar frá 62 ára aldri á tilteknu árabili, við orkutap ef örorka er umfram 50% og þá á ákveðnu árabili og við fráfall sjóðfélaga og þá eftir reglum erfðalaga.
- Sjóðfélagi velur sér **fjárfestingarleið** fyrir tilgreinda séreign.

3) Almennt:

- Réttindi í samtryggingadeild geta verið verðmæt tryggingaréttindi. Eðli málsins samkvæmt geta greiðslur á grundvelli þeirra numið hærrí eða lægri fjárhæð en sem nemur uppsöfnuðum iðgjöldum sem greidd hafa verið til sjóðsins. Samhengi er milli fjárhæðar greiddra iðgjalda og þeirra réttinda sem sjóðfélagi ávinnur sér í samtryggingardeild. Af því leiðir að ef sjóðfélagi ákveður að ráðstafa hluta af iðgjaldi í tilgreinda séreign í C-deild í stað A-deildar samtryggingardeildar ávinnur hann sér minni tryggingaréttindi í samtryggingu en að sama skapi meiri réttindi í tilgreindri séreign.
- Meðal áhættu í samtryggingardeild** er svonefnd lýðfræðileg áhætta sem felur m.a. í sér líkur á langlífi sjóðfélaga, örorkutíðni hjá sjóðfélögum sem og hjúskapartíðni og

barneignum sjóðfélaga almennt. Einnig eru réttindi í samtryggingu háð ávöxtun eigna samtryggingadeildar. Eins getur komið til þess að sjóðurinn þurfi að auka eða minnka tryggingaréttindi í samtryggingardeild. Þar geta einkum haft áhrif þróun á tryggingafræðilegum og lýðfræðilegum forsendum sem og ávöxtun eigna samtryggingardeildar og verðlagsþróun.

- iii) **Meðal áhættuþátta í deild fyrir tilgreinda séreign** eru einkum þróun ávöxtunar og það að sjóðfélagi fullnýti lífeyrissparnaðinn sinn á skemmri tíma en hann þarf til framfærslu eða annarrar ráðstöfunar. Hins vegar fellur eign í tilgreindri séreign við fráfall sjóðfélaga til erfingja og skiptist eftir reglum erfðalaga en skapar á móti ekki rétt til maka- eða barnalífeyris með sama hætti og í samtryggingardeild.
- iv) **Réttindi grundvallast á gildandi samþykktum:** Athygli er vakin á því að þær upplýsingar sem hér eru raktar um réttindi í samtryggingardeild og í tilgreindri séreign eru einungis settar fram til að einfalda sjóðfélaga ákvarðanatöku. Gerður er fyrirvari um mögulegar villur eða ónákvæmni. Ef þessum upplýsingum ber ekki saman við ákvæði samþykktu sjóðsins gilda ákvæði samþykktanna. Því er mikilvægt fyrir sjóðfélaga að kynna sér vel efni samþykktu sjóðsins. Þá er rétt að áréttu að réttindi samkvæmt samþykktum geta breyst frá einum tíma til annars.

FYRIRVARI VARÐANDI BREYTINGAR

- 1) Þær reglur sem gilda um tilgreinda séreign samkvæmt tilkynningu þessari byggja á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Reglurnar geta tekið breytingum eftir þeim reglum sem gilda um breytingar á samþykktum sjóðsins lögum samkvæmt. Í lögum er m.a. mælt fyrir um að ráðherra þurfi að staðfesta efni breytinga á samþykktum, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, áður en þær öðlast gildi.
- 2) Fjárfestingarstefna fyrir valda fjárfestingarleið byggir á fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna eins og hún er ákveðin af stjórn lífeyrissjóðsins á hverjum tíma. Ef breytingar verða á fjárfestingarstefnu eru þær kynntar á vef lífeyrissjóðsins.
- 3) Heimilt er að loka viðkomandi **fjárfestingarleið** og færa áunna eign í tilgreindri séreign sjóðfélaga í nýja **fjárfestingarleið** ef það leiðir af breytingum á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins. Einnig er heimilt að breyta aldursviðmiðum í sjálfvirkum flutningi milli ávöxtunarleiða og gera aðrar breytingar sem lífeyrissjóðurinn telur þörf á að gera. Slíkar breytingar er nægilegt að kynna á vef sjóðsins og/eða með bréfi sem stílað er á lögheimili sjóðfélaga samkvæmt þjóðskrá og/eða tilkynnt inn á persónugreinanlegt vefsvæði hans hjá sjóðnum, nú nefnt „Sjóðfélagavefur“. Heimilt er að tilkynna það með öðrum hætti enda byggji það á samþykktum lífeyrissjóðsins eða öðrum reglum sem þar tilbær stjórnvöld hafa staðfest [hér er verið að vísa til ófyrirséðra breytinga á tækni til framtíðar].

Staður

Dagsetning

Undirskrift sjóðfélaga

Staðfesting Lífeyrissjóðs verzlunarmanna